# Umbótaáætlun

## Leikskólinn Álfasteinn

Skólaárið 2026–2027

Umbótaáætlunin byggir á megináherslum fyrir skólaárið 2026–2027, niðurstöðum innra mats og faglegri ígrundun starfsfólks. Áætlunin skiptist í þrjú meginmarkmið sem hvert um sig fela í sér undirmarkmið, aðgerðir, ábyrgð, tímaramma og mælikvarða. Áætlunin verður reglulega yfirfarin á deildarstjórafundum, skipulagsdögum, skertum dögum og niðurstöður nýttar til áframhaldandi umbóta.

## Meginmarkmið 1: Efla fyrirsjáanleika og skýra umgjörð í daglegu starfi

Skýr skipulagning, samræmd vinnubrögð og góð upplýsingagjöf stuðla að öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, og mynda grunn að samræmdri framkvæmd milli deilda.

| Undirmarkmið | Aðgerðir | Ábyrgð | Tímarammi | Mælikvarði / vísbendingar um árangur |
|---|---|---|---|---|
| **Samræma dagskipulag og verkferla** | Yfirfara og samræma dagskipulag Hamars og Holts; útbúa sameiginlegt árshjól fyrir endurtekin verkefni. | Deildarstjórar, Stjórnendur | Haustönn 2026 | Samræmt árshjól liggur fyrir og rædd á deildarfundum. |
| **Skýra hlutverk starfsfólks í daglegu starfi** | Uppfæra og skerpa hlutverkalýsingar; kynna á starfsmannafundi að hausti. | Stjórnendur/ deildarstjórar | ágúst.–okt. 2026 | Hlutverkalýsingar til staðar og kynntar á öllum deildum. |
| **Efla upplýsingagjöf til foreldra um dagskipulag og væntingar** | Reglulegir póstar á Völu um skipulag og áherslur. Kynningarfundur fyrir nýja foreldra að hausti. | Deildarstjórar/Stjórnendur | Allt skólaárið | Endurgjöf foreldra í foreldrakönnun; fjöldi tilkynninga. |
| **Markviss eftirfylgni í Smt** | Markviss eftirfylgni í Smt Allt starfsfólk fylgi sömu viðmiðum og verklagi | SMT-teymi/Allt starfsfólk | Allt skólaárið | Skráning atvika; samræmi í viðbrögðum metið á fundum. |

## Meginmarkmið 2: Þróa námsumhverfi og efla leik sem meginnámsleið

Áfram verður unnið að þróun flæðis, svæðaskiptingar og efniviður í miðrými, með áherslu á fjölbreytt og aðgengilegt námsumhverfi sem styður við leik, rannsóknir og sköpun.

| Undirmarkmið | Aðgerðir | Ábyrgð | Tímarammi | Mælikvarði / vísbendingar um árangur |
|---|---|---|---|---|
| **Ljúka innleiðingu nýs fyrirkomulags á Holti og Hamri** | Innleiða sex litakóðuðu svæðin að fullu; safna mánaðarlegum stafrænum skráningum kennara á Teams. | Stjórnendur/ Allt starfsfólk | Haust 2026 – vor 2027 | Mánaðarleg skráningarform skilað reglulega; niðurstöður teknar saman um áramót og að vori. |

| Undirmarkmið | Aðgerðir | Ábyrgð | Tímarammi | Mælikvarði / vísbendingar um árangur |
|---|---|---|---|---|
| **Styrkja hlutverk leikskólakennarans sem leiðtoga náms í leik** | Fagleg umræða á fundum um hlutverk kennarans í leik; tengd símenntun. | Stjórnendur | Skólaárið 2026–2027 | Fjöldi fræðslustunda; ígrundun starfsfólks skráð. |

## Meginmarkmið 3: Styrkja faglegt lærdómssamfélag, samstarf og nýtingu innra mats

Regluleg fagleg ígrundun, markviss símenntun, gott samstarf við foreldra og markviss nýting niðurstaðna innra mats leggja grunn að stöðugum umbótum í starfi leikskólans.

| Undirmarkmið | Aðgerðir | Ábyrgð | Tímarammi | Mælikvarði / vísbendingar um árangur |
|---|---|---|---|---|
| **Nýta undirbúningstíma markvisst og tengja símenntun við áherslur ársins** | Endurskoða skipulag undirbúningstíma; velja símenntun sem tengist fyrirsjáanleika og námsumhverfi. | Stjórnendur/Allt starfsfólk | Haust 2026 | Símenntunaráætlun tengd markmiðum starfsáætlunar. |
| **Styrkja samstarf við foreldra og auka gagnsæi um faglegt starf** | Fjölga tækifærum til samstarfs; gera faglegt starf sýnilegra (myndir, kynningar, upplýsingamiðlun). | Stjórnendur /Allt starfsfólk | Allt skólaárið | Þátttaka í foreldraviðburðum; niðurstöður foreldrakönnunar. |
| **Nýta niðurstöður innra mats til markvissrar umbótavinnu** | Taka saman mánaðarleg skráningarform að vori; greina niðurstöður og móta umbætur fyrir næsta skólaár. | Leikskólastjóri, matsteymi | Vor 2027 | Samantekt/ársskýrsla liggur fyrir með tillögum að umbótum. |

*Eftirfylgni: Framvinda umbótaáætlunar verður rædd reglulega á deildarstjórafundum og tekin saman í lok skólaárs sem hluti af árlegu innra mati.*